



Efnahags- og fjármálaráðuneytið
b.t. Skrifstofu fjármálamarkaðar
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 22. desember 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um áform um frumvarp til laga um þjónustuveitendur hóp fjármögnunar fyrir fyrirtæki, mál nr. s-246/2025

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“ eftir atvikum) hafa tekið til umsagnar áform um frumvarp til laga um þjónustuveitendur hóp fjármögnunar fyrir fyrirtæki en með frumvarpinu er stefnt að innleiðingu reglugerðar (ESB) 2020/1503 um þjónustuveitendur hóp fjármögnunar (hér eftir „ECSP“ eða „reglugerðin“, eftir atvikum). Frumvarpið er mikilvægt skref í átt að því að efla aðgengi fyrirtækja að fjármagni og auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs, ekki síst á sviði tækni- og hugverkaiðnaðar.

Sprotta- og nýsköpunarfyrirtæki verja oft á tíðum mörgum árum í rannsóknir og þróun áður en hægt er að koma vöru eða þjónustu á markað. Aðgengi að fjármagni og fjölbreyttum fjármögnunarleiðum er lykilforsenda í vexti fyrirtækja. Hóp fjármögnunar getur gegnt þar mikilvægu hlutverki sem viðbót við aðrar fjármögnunarleiðir.

Samtökin leggja áherslu á eftirfarandi álitaefni við innleiðingu frumvarpsins.

1. Samræmi og skilvirkni regluverks. Mikilvægt er að innleiðing ECSP sé skýr, einföld og í fullu samræmi við evrópska löggjöf. Forðast ber séríslenskar viðbótarkröfur sem gætu dregið úr skilvirkni, aukið kostnað eða veikt samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum aðilum.

2. Aðgengi nýsköpunarfyrirtækja að fjármagni. Regluverkið þarf að taka mið af stöðu sprottafyrirtækja sem hafa oft ekki úr miklum mannskap að möða. Þannig þarf að tryggja að kröfur um ferla, upplýsingagjöf og eftirlit séu ekki of íþyngjandi. Óskilvirkar reglur og kvaðir geta dregið úr notkun hóp fjármögnunar og þannig grafið undan markmiðum lagasetningarinnar.

3. Eftirlit og viðurlög. SI styðja virkt og faglegt eftirlit sem tryggir traust á markaði og vernd fjárfesta. Jafnframt er mikilvægt að viðurlög taki mið af meðalhófi og í séu í réttu hlutfalli við alvarleika brota.

4. Reglusetningarheimildir stjórnvalda. Heimildir ráðherra og eftirlitsaðila til að setja stjórnvaldsfyrirmæli þurfa að vera skýrt afmarkaðar og bundnar við ramma ECSP-reglugerðarinnar. Slík reglusetning má ekki leiða til fráviks frá evrópsku regluverki sem skapar íslenskum þjónustuveitendum eða fyrirtækjum óhagstæða stöðu miðað við erlenda samkeppnisaðila.



Samtök iðnaðarins styðja frumvarpið með þeim fyrirvara að innleiðing þess stuðli raunverulega að auknu aðgengi að fjármagni og styðji þar með við fjárfestingu nýsköpun og tryggi íslenskum fyrirtækjum jafna samkeppnisstöðu innan EES. Skýr og skilvirk framkvæmd er lykilforsenda þess að markmið frumvarpsins náist.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink, reading 'Erla T. Stefánsdóttir', is written over a horizontal line.

Erla Tinna Stefánsdóttir
Viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði SI